



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

María Markúsdóttir  
Dalvíkurbyggð

Akureyri, 22. apríl 2024  
MÍ202404-0113/ 6.09 / S.G.

## Umsögn MÍ vegna breytinga á aðal- og deiliskipulagi umhverfis Dalbæ, Dalvíkurbyggð

Óskað hefur verið eftir umsögn Minjastofnunar Íslands í gegnum Skipulagsgáttina varðandi breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis umhverfis Dalbæ sem og samsvarandi breytingu á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar. Hægt var að hlaða niður aðalskipulagsupprætti dagsettum 12. febrúar og deiliskipulagsupprætti dagsettum 13. mars 2024.

Til kynningar er breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Kirkjuveg sem felst í stækkun deiliskipulagssvæðisins fyrir nýjar lóðir fyrir blandaðar íbúðir ætlaðar íbúum 60 ára og eldri. Gera þarf breytingu á aðalskipulagi samhliða.

Fyrir liggur uppfærð fornleifaskráning sem er unnin samkvæmt stöðlum Minjastofnunar, sjá Hákon Jensson. Dalvíkurbyggð. *Endurskoðun fornleifaskráningar innan þéttbýliskjarna og framkvæmdasvæða vegna aðalskipulags Búnaðarsamband Eyjafjarðar Rannsóknarskýrslur 2022/12.* Engar minjar eru skráðar á skipulagssvæðinu. Svæðið var einnig kannað á vettvangi af Minjastofnun vegna deiliskipulagsins 2017.

Engar þekktar menningarminjar eru á skipulagsreitnum og gerir Minjastofnun Íslands því ekki athugasemd við breytingar á aðal- og deiliskipulögum.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins.

Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra